LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



# 2019





# INNGANGUR

## FOREWORD

Við erum innilega þakklát fyrir þær frábæru móttökur sem nýtt og og endurbætt Listasafn á Akureyri hefur fengið. Það var ógleymanleg stund þegar safnið var opnað aftur á afmælishátíð Akureyrar, Akureyrarvöku, þann 25. ágúst 2018. Yfir þrjú þúsund gestir komu þann dag og biðröðin náði upp Listagilið langt fram eftir degi. Ekki er hægt að hugsa sér betri 25 ára afmælisgjöf en glaða gesti.

Framundan er fyrsta heila starfsárið í nýju safni með 12 sýningarrýmum og miklum möguleikum. Fjölbreytnin verður áfram höfð að leiðarljósi, með sýningum og viðburðum sem ættu að höfða til sem flestra. Alþjóðleg myndlist, samsýningar og einkasýningar, myndlist og hönnun ungra og upprennandi listamanna auk yfirlitssýningar listamanna sem búa og starfa á Norðurlandi, verða áberandi á árinu 2019.

Listagilið blómstrar með fjölbreyttri starfsemi; listamannareknum sýningarrýmum, gestavinnustofum, myndlistaskóla og vinnustofum hönnuða. Aðstaða fyrir safnkennslu og fyrirlestra er nú fyrsta flokks og kaffihúsið í anddyrinu gerir safnið að enn betri áfangastað fyrir gesti og heimamenn. Leiðsagnir fyrir börn og fullorðna halda einnig áfram að þróast og bæta við lífsgæðin á Akureyri.

Í þessum dagskrárbæklingi gefur að líta sýningar og viðburði Listasafnsins á nýju ári. Við hlökkum til að hefja nýtt starfsár með þéttri dagskrá og opnu húsi alla daga.

Ég vil fyrir hönd starfsmanna Listasafnsins þakka hamingjuóskir og góðar móttökur. Við ætlum að halda áfram að gera okkar besta til að uppfylla þær væntingar sem til okkar eru gerðar.

Verið velkomin, aftur og aftur, til að upplifa og njóta listarinnar í Listasafninu á Akureyri allt árið 2019!

**Hlynur Hallsson,**
**safnstjóri Listasafnsins á Akureyri.**

We are extremely grateful for the wonderful and favorable response to the new and renovated Akureyri Art Museum. The celebration when the museum reopened on Akureyri's anniversary, Akureyrarvaka, August 25th 2018, is unforgettable. We had more than 3.000 visitors that day, and a queue lining up along Art Street until late in the afternoon. One cannot possibly wish for a better 25 years birthday present than happy guests.

Ahead of us lies the first full year of activities in a museum with 12 galleries and exciting, new possibilities. Like before, our guiding light will be variety, with exhibitions and events, so that everyone should find something to their liking and interest. International visual art, group shows and solo shows, art and design of young and emerging artists, as well as a big, local exhibition of artists working and/or residing in the North of Iceland, will be prominent in 2019.

Art Street thrives with various enterprises: artist-run galleries, artist residencies, an art school and designer studios. Now we also have first-class facilities for museum-education, lectures and workshops, and the foyer café makes the museum an even more amenable destination for locals and guests. Guided tours of exhibitions for children and adults will be under constant development.

This programme catalogue lists the exhibitions and events of the Akureyri Art Museum in 2019. We look forward to begin the New Year with a busy schedule and the house open everyday.

On behalf of the staff of Akureyri Art Museum I wish to thank for all the greetings, well-wishing and general positivity. We will continue to do our best to fulfill the expectations made upon us.

We welcome you, again and again, to experience and enjoy the art in Akureyri Art Museum, the whole year of 2019!

Hlynur Hallsson,
director of Akureyri Art Museum.

# SÝNINGAR

### Febrúar

| | | |
|---|---|---|
| 09.02.2019 – 28.04.2019 | Tumi Magnússon | Áttir |
| 09.02.2019 – 19.05.2019 | Kristín Gunnlaugsdóttir og Margrét Jónsdóttir | SuperBlack |
| 23.02.2019 – 21.04.2019 | Sköpun bernskunnar 2019 | |

### Mars

| | | |
|---|---|---|
| 02.03.2019 – 12.05.2019 | Elina Brotherus | Leikreglur |
| 02.03.2019 – 09.05.2021 | Vídeóvinda | |

### Maí

| | | |
|---|---|---|
| 04.05.2019 – 12.05.2019 | VMA | Útskriftarsýning 2019 |
| 04.05.2019 – 12.05.2019 | Myndlistaskólinn á Akureyri | Útskriftarsýning 2019 |
| 18.05.2019 – 29.09.2019 | Samsýning norðlenskra myndlistarmanna | Vor |

### Júní

| | | |
|---|---|---|
| 01.06.2019 – 22.09.2019 | Lettnesk samtímalist | Talaðu við mig! |

### Ágúst

| | | |
|---|---|---|
| 24.08.2019 – 09.08.2020 | Eiríkur Arnar Magnússon | Sjónarhorn |
| 24.08.2019 – 09.08.2020 | Hrafnhildur Arnardóttir | Faðmar |

### Október

| | | |
|---|---|---|
| 05.10.2019 – 19.01.2020 | Halldóra Helgadóttir | Verkafólk |
| 05.10.2019 – 19.01.2020 | Knut Eckstein | „ég hefenganáhuga á nokkrusemerstærraen lífið“ |
| 05.10.2019 – 19.01.2020 | Björg Eiríksdóttir | Pólífónía |
| 05.10.2019 – 01.12.2019 | Samsýning | Síðasta Thule |
| 10.10.2019 – 13.10.2019 | A! Gjörningahátíð | |

### Nóvember

| | | |
|---|---|---|
| 23.11.2019 – 01.12.2019 | VMA | Útskriftarsýning 2019 |

### Desember

| | | |
|---|---|---|
| 07.12.2019 – 23.02.2020 | Marzena Skubatz | HEIMAt |
| 07.12.2019 – 19.04.2020 | Elín Pjet. Bjarnason | Handanbirta / Andansbirta |

## yfirstandandi

| | | |
|---|---|---|
| – 17.02.2019 | Valin verk úr safneign Listasafns ASÍ | Svipir |
| – 17.02.2019 | Ange Leccia | Hafið The Sea La Mer |
| – 18.04.2021 | Frá Kaupfélagsgili til Listagils | |
| – 18.08.2019 | Aðalheiður S. Eysteinsdóttir | Hugleiðing um orku |
| – 18.08.2019 | Hjördís Frímann og Magnús Helgason | Hugmyndir |
| – 11.10.2020 | Valin verk úr safneign Listasafnsins á Akureyri | Úrval |

# EXHIBITIONS

### February

| | | |
|---|---|---|
| 09.02.2019 – 28.04.2019 | Tumi Magnússon | Directions |
| 09.02.2019 – 19.05.2019 | Kristín Gunnlaugsdóttir and Margrét Jónsdóttir | SuperBlack |
| 23.02.2019 – 21.04.2019 | Creation of Childhood 2019 | |

### March

| | | |
|---|---|---|
| 02.03.2019 – 12.05.2019 | Elina Brotherus | Rules Of Play Règle Du Jeu |
| 02.03.2019 – 09.05.2021 | Videospin | |

### May

| | | |
|---|---|---|
| 04.05.2019 – 12.05.2019 | VMA | Final Projects 2019 |
| 04.05.2019 – 12.05.2019 | The Akureyri School of Visual Arts | Final Projects 2019 |
| 18.05.2019 – 29.09.2019 | Selected works by North Icelandic artists | Spring |

### June

| | | |
|---|---|---|
| 01.06.2019 – 22.09.2019 | Latvian Contemporary Art | Talk to Me! |

### August

| | | |
|---|---|---|
| 24.08.2019 – 09.08.2020 | Eiríkur Arnar Magnússon | Perspective |
| 24.08.2019 – 09.08.2020 | Hrafnhildur Arnardóttir | Fathom |

### October

| | | |
|---|---|---|
| 05.10.2019 – 19.01.2020 | Halldóra Helgadóttir | Workers |
| 05.10.2019 – 19.01.2020 | Knut Eckstein | “I'm notreallyinterested in anythinggreaterthan life” |
| 05.10.2019 – 19.01.2020 | Björg Eiríksdóttir | Polyphony |
| 05.10.2019 – 01.12.2019 | Group exhibition | Ultima Thule |
| 10.10.2019 – 13.10.2019 | A! Perfomance Festival | |

### November

| | | |
|---|---|---|
| 23.11.2019 – 01.12.2019 | VMA | Final projects 2019 |

### December

| | | |
|---|---|---|
| 07.12.2019 – 23.02.2020 | Marzena Skubatz | HEIMAt |
| 07.12.2019 – 19.04.2020 | Elín Pjet. Bjarnason | Light Beyond/ Light of Spirit |

## ongoing

| | | |
|---|---|---|
| – 17.02.2019 | Selected works from ASÍ Art Collection | Expressions |
| – 17.02.2019 | Ange Leccia | The Sea La Mer |
| – 18.04.2021 | From Co-op Street to Art Street | |
| – 18.08.2019 | Aðalheiður S. Eysteinsdóttir | Reflecting on Energy |
| – 18.08.2019 | Hjördís Frímann og Magnús Helgason | Ideas |
| – 11.10.2020 | Selected works from Akureyri Art Museum's collection | Permanent exhibition |

**OPNANIR** OPENINGS

**FEBRÚAR** FEBRUARY

2019



# TUMI MAGNÚSSON



## **Áttir** Directions

**9. febrúar – 28. apríl 2019** February 9th – April 28th 2019

Tumi Magnússon (f. 1957) stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og AKI í Enschede, Hollandi.

Í byrjun ferilsins notaði Tumi fundna hluti, ljósmyndir, teikningar og 8 mm kvikmyndir í verk sín. Þetta leiddi hann til málverks í hlutbundnum stíl í byrjun 9. áratugarins. Á tíunda áratugnum þróaðist vinnan meira í átt að hugmyndalegu málverki og málverkainnsetningum heldur en málverki í hefðbundnum skilningi. Í lok áratugarins var vinna með tíma og rými orðin eitt aðalviðfangsefni verkanna. Tumi hélt þessum rannsóknum áfram á nýrri öld, en þá í formi innsetninga, ljósmyndaverka, og vídeó-/hljóðinnsetninga þar sem mynd og/eða hljóð er sett fram sem rýmisviðburður.

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

Tumi Magnússon (born 1957) studied at the Icelandic College of Arts and Crafts and the AKI in Enschede, the Netherlands.

The use of found objects, photographs, drawings and 8 mm films in the beginning of his career, led Magnússon in the early eighties to painting in a figurative style. During the next years his approach to painting developed into what can be described as an expanded and conceptual field rather than a traditional understanding of the medium. This culminated in series of works in which the experience of time in relation to physical space was a central aspect. Magnússon continued his research after the turn of the century, creating photographic installations, and video/audio installations, where the image and/or sound are perceived as a sculptural event.

Curator: Hlynur Hallsson.





# KRISTÍN GUNNLAUGSDÓTTIR
# MARGRÉT JÓNSDÓTTIR

## SuperBlack

**9. febrúar – 19. maí 2019** February 9th – May 19th 2019

Grunntónn verkanna á SuperBlack er svartur. Hugmyndin er fengin frá nýuppgötvuðum svörtum lit, *Vantablack*, sem lýsir algjöru tómi. Í þessu tómi velkjast tilvistarspurningar nútímamannsins: Hvar við stöndum gagnvart náttúrunni og okkur sjálfum?

Svört leirverk Margrétar Jónsdóttur (f. 1961) minna á svarta sanda og hraunbreiður Íslands. Þau velta upp spurningunni um hvort við færum betur með náttúruna ef við sæjum hana sem mannslíkama með líffæri eins og okkar eigin.

Í verkum Kristínar Gunnlaugsdóttur (f. 1963) minnir myndmálið á tíma barokksins þar sem vestræn menning stóð andspænis uppgjöri. Í verkunum skiptast á gáski glimmersins og alvarlegur undirtónn hauskúpunnar og hnignunarinnar. Þau endurspegla háska samtímans og stöðuga þörf manneskjunnar fyrir að taka ábyrgð á eigin líðan og lífi.

The basic color tone in the works at SuperBlack is black. The idea comes from a recently manufactured black color, *Vantablack*, which portrays a complete void. In that void modern man's extistential questions roam: What is our stand against nature and ourselves?

Jónsdóttir's clay works resemble Icelandic black sands and lava fields. They pose the question whether we would treat nature with more respect, if we saw her as a human body with organs like our own.

In Gunnlaugsdóttir's work the imagery reminds us of the baroque era, when Western culture faced a reckoning. In her work the playfulness of glitter alternates with the grave undertone of the skull and decadence. They reflect the distress of present times and human's constant need to take responsibility for our lives and happiness.





# ÞRIÐJUDAGSFYRIRLESTRAR

**Þriðjudagsfyrirlestrar fara fram í Ketilhúsinu kl. 17–17:40**

**29. janúar**
Auður Ösp
vöru- og leikmyndahönnuður

**5. febrúar**
Tumi Magnússon
myndlistarmaður

**12. febrúar**
Vigdís Jónsdóttir
listfræðingur

**19. febrúar**
Margrét Jónsdóttir
leirlistarkona

**26. febrúar**
Magnús Helgason
myndlistarmaður

**5. mars**
Björg Eiríksdóttir
myndlistarkona

**12. mars**
Kate Bae
myndlistarkona



Verið velkomin
**Aðgangur ókeypis**

myndlistarfélagið

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM

# SKÖPUN BERNSKUNNAR 2019

CREATION OF CHILDHOOD 2019

**23. febrúar – 21. apríl** February 23rd – April 21st 2019

Þetta er sjötta sýningin undir heitinu *Sköpun bernskunnar*. Hún er sett upp til þess að örva skapandi starf og hugsun skólabarna á aldrinum fimm til sextán ára.

Þátttakendur hverju sinni eru börn og starfandi listamenn sem gera verk sem falla að þema sýningarinnar, sem að þessu sinni er *heimurinn* og *geimurinn* í víðum skilningi.

Sú nýbreytni verður tekin upp í ár að leikskólabörnin koma í safnið og vinna verkið þar, undir leiðsögn sýningarstjórans.

Þátttakendur: Kristinn E. Hrafnsson, Rósa Kristín Júlíusdóttir, Hlíðarskóli og 25 fimm ára börn frá Leikskólanum Kiðagili.

Sýningarstjóri:
Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.

This is the sixth yearly exhibition with the title *Creation of Childhood*. The aim is to stimulate creative work and creative thinking of school children from the age of five to sixteen.

Participants each time are children and artists who create works according to the theme, which this time is the *world* and the *universe* in a broad sense.

This year preschool children will visit the museum and create their artwork there, under guidance from the curator.

Participants: Kristinn E. Hrafnsson, Rósa Kristín Júlíusdóttir, the elementary school Hlíðarskóli and 25 five-year-old children from the preschool Kiðagil.

Curator:
Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.





## LISTASUMAR 2019

- MYNDLIST
- TÓNLIST
- LEIKLIST
- BÓKMENNTIR
- HÖNNUN
- SÝNINGAR
- UPPÁKOMUR
- GJÖRNINGAR
- LISTSMIÐJUR FYRIR BÖRN

- VISUAL ART
- MUSIC
- THEATRE
- LITERATURE
- DESIGN
- EXHIBITIONS
- EVENTS
- PERFORMANCES
- CHILDREN'S WORKSHOP



LISTASUMAR
AKUREYRI ART SUMMER



# ELINA BROTHERUS

## **Leikreglur** Rules of Play Règle du Jeu

**2. mars – 12. maí 2019** March 2nd – May 12th 2019

„Eftir að hafa notað sjálfa mig í myndum mínum í 20 ár fannst mér ég hafa setið fyrir í öllum hugsanlegum stellingum. Leiðina út úr þessum botnlanga fann ég í Fluxus. Ég hóf að nota Fluxus viðburðalýsingar og aðrar ritaðar leiðbeiningar eftir listamenn sem grunn í ný verk. Ég hef útvíkkað hugmyndina á bak við lýsingarnar og leyft mér að verða fyrir áhrifum frá mismunandi listamönnum, s.s. kvikmyndagerðarmönnum, ljósmyndurum, listmálurum og ljóðskáldum. Þessi gjörningalega og eilítið absúrd aðferð hefur gert mér kleift að halda áfram að vinna með myndavélina, bæði sem ljósmyndarinn og fyrirsætan. Ég vitna í Arthur Köpcke, sem sagði: „Fólk spyr: Af hverju? Ég spyr: Af hverju ekki?“

*Leikreglur / Rules of Play / Règle du Jeu* hlaut Carte blanche PMU–verðlaunin og var fyrst sýnd í Centre Pompidou 2017.

After 20 years of using myself in my pictures, I felt that I had done all the poses I could possibly do with my body. The way out of this dead end came through Fluxus. I started to use Fluxus event scores and other written instructions by artists as the basis of new work. I have expanded the idea of the score and allowed myself to be influenced by a range of artists including film-makers, photographers, painters and poets. This performative and somewhat absurdist method has enabled me to get back both in front of and behind the camera. Citing Arthur Köpcke: “People ask: Why? I ask: Why not?”

*Règle du Jeu* was awarded the Carte blanche PMU prize and it was first exhibited at Centre Pompidou in 2017.



# VÍDEÓVINDA

## VIDEOSPIN

**2. mars 2019 – 9. maí 2021** March 2nd 2019 – May 9th 2021

Vídeóvinda er verkefni sem byggt er á vídeóverkinu Warp eftir íslensku listakonuna og frumkvöðulinn Steinu (Vasulka). Verkið er gagnvirkt og tengist forritun og ýmsum möguleikum sem eru fyrir hendi í stafrænni list. Stuðst er við forrit að nafni Image-ine sem Steina bjó til í byrjun þessarar aldar með hollenskum forritara, Tom Demeyer.

Vídeóvinda er sett upp í samstarfi við Vasulkastofu í Listasafni Íslands með stuðningi frá List fyrir alla. Tilgangur verkefnisins er meðal annars að bjóða börnum upp á skemmtilega og sömuleiðis óhefðbundna upplifun á listasafni.

Steina Vasulka er fædd í Reykjavík 1940 en býr og starfar í Santa Fe í Nýju-Mexíkó. Hún er frumkvöðull á sviði vídeólistar og hefur gert verk í samstarfi við eiginmann sinn Woody Vasulka. Steina hefur framið gjörninga og sýnt verk sín víða um heim.

Videospin is a project based on the video-piece Warp by the Icelandic artist and pioneer Steina (Vasulka). The piece is interactive – it is connected to computer programming and the options that digital art can offer. The program Image-ine is used, created by Steina and the Dutch programmer Tom Demeyer in the beginning of the century.

The purpose of the project is, among other things, to offer children an amusing and unconventional experience at an art museum. Videospin is produced in cooperation with Vasulka-Chamber, located in the Iceland National Gallery, with the support of Art for Everyone.

Steina Vasulka was born in Reykjavík in 1940 and lives and works in Santa Fe, New Mexico. She is a pioneer in video-art and has created video-art in collaboration with her husband Woody Vasulka. Steina has performed and exhibited her work in numerous places around the world.





## LEIÐSÖGN GUIDED TOUR



**Leiðsögn alla fimmtudaga**

Guided tour every Thursday

**Nánari upplýsingar**
For more info

**listak.is**

MAÍ MAY

OPNANIR OPENINGS



# NEMENDUR LISTNÁMS- OG HÖNNUNARBRAUTAR VMA

## VISUAL ART AND TEXTILES STUDENTS AT VMA – AKUREYRI COMPREHENSIVE COLLEGE

### **Útskriftarsýningar 2019** Final Projects 2019

**4. maí – 12. maí 2019 og 23. nóvember – 1. desember**
May 4th – May 12th 2019 and November 23rd – December 1st

Sýningar á lokaverkefnum nemenda hafa lengi verið fastur liður í starfsemi listnáms- og hönnunarbrautar Verkmenntaskólans á Akureyri. Sýningarnar eru tvær á ári hverju, annars vegar í lok vorannar og hins vegar í lok haustannar. Þetta er fimmta árið í röð sem þær eru haldnar í samstarfi við Listasafnið á Akureyri.

Við undirbúning slíkra sýninga velja nemendur sér verkefni eftir áhugasviði þar sem þeim gefst tækifæri til að kynna sér nýja miðla eða dýpka skilning sinn á þeim sem þeir hafa áður kynnst.

Að baki verkanna liggur hugmynda- og rannsóknarvinna og leita nemendur víða fanga í sköpunarferlinu, allt eftir því hvað hentar hverri hugmynd og þeim miðli sem unnið er með. Nemendur fá eina önn til að vinna að lokaverkefnum sínum og uppsetningu sýningar í samtali og samvinnu við leiðsagnarkennara og samnemendur þar sem frumkvæði, hugmyndaauðgi og öguð vinnubrögð eru lögð til grundvallar.

It has become a tradition to exhibit the final projects of Akureyri Comprehensive College's art and design students at Akureyri Art Museum. Two exhibitions are held every year, one at the end of the spring term and one at the end of the fall term. This is the fifth year in a row that these exhibitions are held in cooperation with Akureyri Art Museum.

When preparing for these exhibitions, students choose an assignment based on their field of interest and have the opportunity to deepen their understanding of mediums which they have encountered before or acquaint themselves with new ones. The students have gone through the idea and research phase in the artistic process, and they search high and low for data for their own creative process, depending on what is suitable for each idea and each medium.

The students have one semester to work on their final assignments and set up the exhibition in cooperation with an instructor and the other students. The values, on which this process is based, are initiative, creative thinking, and disciplined work methods.





# ÚTSKRIFTARNEMENDUR MYNDLISTASKÓLANS Á AKUREYRI

## GRADUATING STUDENTS FROM AKUREYRI SCHOOL OF VISUAL ARTS

### **Sjónmennt 2019** Visual Art Studies 2019

**4. maí – 12. maí 2019** May $4^{th}$ – May $12^{th}$ 2019

Það dylst engum sem skoðar verk þeirra myndlistarmanna og hönnuða sem brautskráðir eru að loknu þriggja ára námi í sérnámsdeildum Myndlistaskólans á Akureyri að þar eru á ferð sterkir einstaklingar sem taka fag sitt alvarlega og hagnýta sér til fulls þá reynslu sem þeir hafa öðlast.

Sjálfsskoðun er mikilvæg og gerir þá kröfu til nemandans að hann nái að yfirstíga nánd sína og birta viðfangsefni sitt á þann hátt að veki áhuga áhorfandans. Það getur verið snúið, en styrkleiki nemandans felst í hnitmiðaðri, myndrænni framsetningu verkanna og kunnáttu til að miðla henni á sem sterkastan hátt til áhorfandans. Myndræn framsetning verkanna er hluti af hugmyndinni og gegnir lykilhlutverki í að miðla áhrifunum til áhorfandans.

No one who observes the work of the artists and designers who graduate after three years of specialized studies at the Akureyri School of Visual Arts can be in doubt that these are strong individuals who take their profession seriously and take full advantage of the experience they've gained.

The student's strength lies in a focused, visual presentation of artwork and skill as well as communicating that to the viewer in as powerful a manner as possible. The work's visual presentation is a part of the idea and plays a key role in communicating the influences to the viewer.








# SAMSÝNING NORÐLENSKRA MYNDLISTARMANNA

## SELECTED WORKS BY NORTH ICELANDIC ARTISTS

### **Vor** Spring

**18. maí – 29. september 2019** May $18^{th}$ – September $29^{th}$ 2019

Í Eyjafirði er að finna fjölmennasta samfélag listamanna utan höfuðborgarsvæðisins. Akureyri hefur lengi verið miðpunktur menningarlífs á svæðinu, en undir lok 20. aldar fékk myndlistin aukið vægi þegar bærinn eignaðist bæði myndlistarskóla og listasafn. Báðar þessar stofnanir hafa haft mikil áhrif á myndlistarlíf á Akureyri. Skólinn með því að mennta börn og upprennandi listamenn og safnið með því að auka sýnileika þeirra myndlistarmanna sem starfa á Akureyri og í nágrenni.

Listasafnið á Akureyri efnir nú í þriðja sinn til viðamikillar sýningar á verkum myndlistarmanna sem eru starfandi á Norðurlandi eða hafa sterk tengsl við svæðið. Sem fyrr sækja listamenn um þátttöku og senda inn verk og upplýsingar. Fimm manna dómnefnd fer yfir umsóknir og velur verk á sýninguna. Gefin verður út sýningarskrá og reglulega verða leiðsagnir um sýninguna með þátttöku listamanna.

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

The largest community of artists outside Reykjavík exists in Eyjafjörður. Akureyri has long been the cultural hub of the area and around the turn of the 20th century visual art gained more relevance there, when an art school and an art museum were founded. Both these institutions have been influential in Akureyri's art life: the school by educating children and emerging artists, and the museum by highlighting the works of visual artists in the area.

Akureyri Art Museum now presents for the third time an extensive exhibition of works by artists who live in North Iceland or have strong ties to the area. Like before artists apply to participate in the exhibition by handing in applications. A jury of five chooses which works will be exhibited. A catalogue will be published and guided tours with the artists will be offered regularly.

Curator: Hlynur Hallsson.





2019

JÚNÍ JUNE

OPNANIR OPENINGS



# LETTNESK SAMTÍMALIST FRÁ ÞJÓÐLISTASAFNINU (LNMA) Í RIGA

## CONTEMPORARY ART FROM THE LATVIAN NATIONAL MUSEUM OF ART (LNMA) IN RIGA

### Talaðu við mig! Talk to Me!

**1. júní – 22. september 2019** June 1st – September 22nd 2019

Þann 23. ágúst 1989 mótmæltu Lettar og nágrannaþjóðir þeirra yfirstjórn Sovétríkjanna með því að taka höndum saman og mynda keðju fólks á milli baltnesku höfuðborganna þriggja: Vilníus, Ríga og Tallinn. Þessi þögla og táknræna samstaða fékk nafnið *Frelsiskeðjan*. Tveimur árum síðar varð Ísland fyrsta landið í heiminum til að viðurkenna fullveldi Lettlands.

Á sýningunni *Talaðu við mig!* er því haldið fram að frelsi grundvallist á tengslum. Hér kryfja lettneskir listamenn sjálfsmynd sína og leit að lífvænlegri framtíð; í vídeóverkum, málverkum og ljósmyndum. Jafnframt er gefið í skyn að samtímalistasafnið geti verið vettvangur samræðna þar sem tekist er á um nánd/tengsl og pólitískt minni til þess að leysa ráðgátur framtíðarinnar.

**Þátttakendur:** Andris Breže, Arturs Bērziņš, Dace Džeriņa, Ģirts Muižnieks, Ieva Epnere, Inga Meldere, Katrīna Neiburga, Kaspars Podnieks, Krišs Salmanis, Kristaps Epners, Kristaps Ģelzis, Leonards Laganovskis, Maija Kurševa, Mārtiņš Ratniks, Raitis Šmits, Rasa Šmite, Vija Celmiņš, Vilnis Zābers og Zenta Dzividzinska.

Sýningin er hluti af fullveldisdagskrá Lettlands
Sýningarstjórar:
Astrida Rougle og Æsa Sigurjónsdóttir.

On August 23rd 1989, Latvians joined their neighboring citizens in protest against the imperial rule of the Soviet Union, by forming a human chain connecting the three Baltic capitals: Vilnius, Riga and Tallinn. This symbolic assembly of silent bodies became known as *The Chain of Freedom*. Two years later, Iceland became the first country in the world to recognize the independence of Latvia.

Insisting on the fact that freedom is essentially based on relations, Latvian artists are questioning their identity and searching for a livable future. Through videos, paintings and photographs, the exhibition *Talk to Me!* implies that the contemporary art museum can act as a stage where dialectics of intimacy and political memory can be reinforced in order to elucidate the enigmas of our futures.

**Participants:** Andris Breže, Arturs Bērziņš, Dace Džeriņa, Ģirts Muižnieks, Ieva Epnere, Inga Meldere, Katrīna Neiburga, Kaspars Podnieks, Krišs Salmanis, Kristaps Epners, Kristaps Ģelzis, Leonards Laganovskis, Maija Kurševa, Mārtiņš Ratniks, Raitis Šmits, Rasa Šmite, Vija Celmiņš, Vilnis Zābers and Zenta Dzividzinska.

The exhibition is a part of Latvia's Sovereignty Celebration
Curators:
Astrida Rougle and Æsa Sigurjónsdóttir.





**ÁGÚST** AUGUST

**OPNANIR** OPENINGS



# EIRÍKUR ARNAR MAGNÚSSON



## **Sjónarhorn** Perspective

**24. ágúst 2019 – 9. ágúst 2020** August 24th 2019 – August 9th 2020

Eiríkur Arnar Magnússon (f. 1975) útskrifaðist frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands 2007. Hann á að baki fimm einkasýningar og hefur tekið þátt í 13 samsýningum á Íslandi, í Eistlandi og Portúgal. Einnig hefur hann unnið sem sýningarstjóri.

Eiríkur hefur aðallega fengist við fígúratíf málverk en einnig unnið með bókverk og bækur sem efnivið. Þar hefur hann meðal annars leitast við að upphefja gamalt handbragð og gefa því nýjan tilgang í formi skúlptúr-bókverka.

Á bókverkasýningu sinni, *Bækr voru*, sagði hann um verkin: „Ég vildi gefa verkunum fornt yfirbragð og göfga hverfult handbragðið sem maðurinn hefur notað í aldanna rás og byggja því musteri. Bókaturnarnir standa naktir og leyndardómur handverksins, öllum til sýnis."

Eiríkur Arnar Magnússon (born 1975) graduated from Iceland University of the Arts, Fine Art programme in 2007. He has held five solo exhibitions and participated in 13 group exhibitions in Iceland, Estonia and Portugal. He has also worked as a curator.

Eiríkur has mostly created figurative paintings but also book-art and used books in his work. He has, among other things, strived to elevate old workmanship and given it a new meaning in the form of sculpture-book-art.



About his book-art exhibition *Bækr voru* Eiríkur comments: "I wanted to give the works an ancient look and dignify the volatile craftsmanship, that has been used through the centuries, and build it a temple. The book-towers stand naked and the mystery of the workmanship is reveiled – for all to see".





# HRAFNHILDUR ARNARDÓTTIR

## **Faðmar** Fathom

**24. ágúst 2019 – 9. ágúst 2020** August 24$^{th}$ 2019 – August 9$^{th}$ 2020

Hrafnhildur Arnardóttir (f. 1969) hefur verið búsett í New York frá því hún lauk þar framhaldsnámi í myndlist frá School of Visual Arts 1996.

Sköpunargleði, húmor og áhrif frá dægurmenningu eru rauði þráðurinn í verkum Hrafnhildar. Staðbundnar innsetningar, skúlptúrar og veggverk þar sem efniviðurinn er marglitt gervihár, plast eða ljós, eru einkennandi fyrir verk hennar síðustu tvo áratugina. Hrafnhildur hefur sýnt í virtum söfnum víða um heim, m.a. í MoMA í New York og Nútímalistasafninu í Brisbane, og verk hennar má sjá í listasögubókum á vegum Phaidon bókaútgáfunnar.

Sýning Hrafnhildar er í rými sem tileinkað er safnkennslu Listasafnsins. Með vissum ævintýraheimi, frjóu ímyndunarafli og leikgleði höfða litrík verkin til barna á öllum aldri og ekki síður til barnsins sem býr innra með fullorðnum.

Hrafnhildur, sem einnig er þekkt undir listamannsnafninu Shoplifter, verður fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum 2019.

Sýningarstjóri:
Hlynur Hallsson.



Hrafnhildur Arnardóttir (born 1969) has resided in New York since her graduation from the School of Visual Arts in 1996.

Creativity, humor and influences from pop culture are strong characteristics in her work. Site-specific installations, sculptures and murals created from material such as multicolored synthetic hair, plastic or lights are typical aspects of her work during the last two decades. Arnardóttir has exhibited her work in several distinguished Museums such as MoMa in New York and Gallery of Modern Art in Brisbane. Her work is also featured in Art History Books from Phaidon publishers.

Arnardóttir's exhibition is installed in gallery 07, which is a space dedicated to museum education. This is very fitting, since her colorful work particularly appeals to children of all ages as well as the child in all of us – with its world of adventures, imagination and playfulness.

Arnardóttir, who is also known as Shoplifter, will represent Iceland at the Venice Biennale in 2019.

Curator: Hlynur Hallsson.

# FRÆÐSLUSTARF

Fræðslustarf Listasafnsins er ætlað alls konar hópum, s.s. skólahópum, vinahópum og vinnustaðahópum.

Heimsóknir eru bókaðar á

**palina@listak.is**



**Salur 01** Gallery 01

# HALLDÓRA HELGADÓTTIR



## **Verkafólk** Workers

**5. október 2019 – 19. janúar 2020** October 5th 2019 – January 19th 2020

Á árunum eftir stríð var mikill uppgangur í iðnaði á Akureyri og voru flestir bæjarbúar tengdir verksmiðjunum á Gleráreyrum á einhvern hátt, enda voru þær einn stærsti vinnuveitandinn í bænum. Starfsemi verksmiðjanna lagðist endanlega af á tíunda áratugnum og var verslunarmiðstöð reist á svæðinu skömmu síðar. Nú er svo komið að það eina sem eftir stendur af þessarri merku sögu er að finna á söfnum bæjarins.

Til heiðurs horfnum tímum og sérstaklega því fólki sem vann á verksmiðjunum er þessi sýning sett saman, en einnig til að minna á hvað starfsemi verksmiðjanna átti stóra hlutdeild í bæjarlífinu á Akureyri.

Halldóra Helgadóttir (f. 1949) lauk námi í málaradeild Myndlistaskólans á Akureyri 2000 og hefur síðan haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum bæði erlendis og innanlands.



During the post-war years industry boomed in Akureyri and the majority of residents were connected to the factories in Gleráreyrar in one way or another, being the biggest employer in town. Operations at the factories came to an end in the 1990s, and before long a shopping centre was built on the premises. What is left of the factorie's history today can only be found at the museums in Akureyri.

The idea behind this exhibition is to honor the past and particularly those who worked at the factories, and also to remind us of the influence the factories had on the community in Akureyri.

Halldóra Helgadóttir (born 1949) graduated from the Fine Arts Department of Akureyri School of Visual Arts in 2000 and has since then held numerous solo exhibitions and participated in group exhibitions in Iceland and abroad.



# KNUT ECKSTEIN

**„ég hefenganáhuga á nokkrusemerstærraen lífið“**
“I'm notreallyinterested in anythinggreaterthan life”

**5. október 2019 – 19. janúar 2020** October 5th 2019 – January 19th 2020

Knut Eckstein býður áhorfandanum upp á ákveðinn viðsnúning, eða ranghverfu – hvorki meira né minna en skynhrifin, eða áhrifin af risavöxnu, þrívíðu landslagsmálverki sem hægt er að ganga inn í. Og ef til vill er hið hefðbundna og viðtekna orð *málverk* viðeigandi til þess að gefa áhorfendum einhverja nasasjón af þessu verki Knuts Eckstein, sem má án nokkurs vafa segja að sé stórfurðulegt.

„Á víð og dreif eru tæki og tæknibúnaður sem ekki eru í notkun – vifta, reykvél – sem vísa til upphaflega glæstra fyrirætlana, sem hafa verið gefnar upp á bátinn. Samþjöppun og sameining er það sem hugnast Knut Eckstein í listrænni nálgun.“
Marcel Baumgartner um sýningu Knut Eckstein í Kunsthalle Gießen, 2016 (útdráttur úr fréttatilkynningu).

Knut Eckstein offers us, inverting the outside to inward, no more, no less than the sensation - the sensory impression – of a monumental three-dimensional walk-in landscape-painting. And in fact, the traditional generic name of painting, is perhaps the most appropriate way to give the visitors a very first idea of this undoubtedly strange in the work of Knut Eckstein

“Here and there scattered around technical devices, not taken into operation - a fan, a smoke machine - referring to originally opulent plans, have waived its realization. Knut Eckstein favours a concentration and consolidation of artistic means.”
Marcel Baumgartner on Knut Eckstein – ontheway, at Kunsthalle Gießen, 2016 (excerpt from a press release).







# BJÖRG EIRÍKSDÓTTIR

**Pólífónía** Polyphony

**5. október 2019 – 19. janúar 2020** October 5th 2019 – January 19th 2020

„Það heillar mig hvernig við sem líkamlegar verur eigum í samskiptum við umhverfi okkar. Nálgast umhverfið okkur í gegnum skynfærin eða teygjum við okkur eftir því? Þegar ég hrífst á djúpan hátt af náttúrunni, í gegnum skynjun, tengist ég henni. Þessi merkingarbæra reynsla er sem marglaga skynjun þar sem hvert lagið vefst um annað innra með mér og myndar nokkurs konar pólífóníu.“

Björg Eiríksdóttir (f. 1967) lauk MA í listkennslu frá HA vorið 2017, diplómu í myndlist frá Myndlistaskólanum á Akureyri 2003 og B.Ed. frá KHÍ 1991. Hún starfar við myndlist, samhliða kennslu myndlistargreina við VMA. Þessi ellefta einkasýning Bjargar er afrakstur starfslaunaárs hjá Akureyrarbæ.

“It fascinates me how we as bodily beings communicate with our environment. Does the environment approach us through our senses or do we reach out for it? When I feel deep admiration for the nature around me, through my senses, I connect to it. This meaningful experience is like a multi-layered sensation, where the layers wind around each other inside of me, creating a kind of polyphony”.

Björg Eiríksdóttir (born 1967) graduated with an MA degree in Art Education from the University of Akureyri 2017, with a diploma in visual arts from Akureyri School of Visual Arts in 2003, and a B.Ed. degree from the Iceland College of Education in 1991. She works as an artist as well as teaching art at the Akureyri Comprehensive College. This is Eiríksdóttir's eleventh solo exhibition, the yield of a yearlong artist stipend from the municipality.





# SAMSÝNING

GROUP EXHIBITION

## **Síðasta Thule** Ultima Thule

**5. október 2019 – 1. desember 2020** October 5th 2019 – December 1st 2020

Aðilar sem tengjast listrænum hluta International Committee for Christopher Columbus, listamenn frá bæði Gamla og Nýja heiminum, hafa lengi vonast eftir að geta haldið listsýningu á Íslandi.

Í endurminningum sínum minntist Kristófer Kólumbus á eyjuna Thule og í bréfum Seneca er vitnað til *Ultima Thule* sem nyrsta hluta hins kannaða heims. Það er því í anda landkönnuðanna sem ítalskir listamenn leggja upp í för til Íslands, hins síðasta Thule með verk sín. Þannig opna þeir leiðina til nyrsta hluta hins nýja heims og síheillandi dulúðar hans.

The painters affiliated with the artistic branch of the International Committee for Christopher Columbus, artists of both the Old and the New World, had long hoped for an exhibition to be held in Iceland.

Columbus mentions *the island of Thule* in his memoirs, and in Seneca's letters "last Thule" is quoted as the northern edge of the known world. It is with the spirit of exploration that the Italian artists participating in the exhibition at the Akureyri Art Museum bring their works to the last Thule, an opening towards the northern part of the New World and its enduring sense of fascinating mystery.







# A! GJÖRNINGAHÁTÍÐ

A! PERFORMANCE FESTIVAL

**10. – 13. október 2019** October 10th – 13th 2019

A! er fjögurra daga alþjóðleg gjörningahátíð sem haldin er árlega og nú í fimmta sinn. Hátíðin er samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri, Menningarfélags Akureyrar, Leikfélags Akureyrar, LÓKAL alþjóðlegrar leiklistarhátíðar, Reykjavík Dance Festival og Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar.

Fjölbreyttir gjörningar og leikhústengd verk af öllum toga eru á dagskránni. Þátttakendur A! Gjörningahátíðar eru ungir og upprennandi listamenn, ásamt reyndum og vel þekktum gjörningalistamönnum og leikhúsfólki. Meðal þeirra sem komið hafa fram á A! eru Magnús Pálsson, Paola Daniele, Rúrí, Theatre Replacement, Ka Yee Li, Anna Richardsdóttir og Kviss búmm bang. Hátt í 2000 gestir hafa sótt hátíðina hverju sinni og notið líflegra gjörninga.

Samhliða A! fer vídeólistahátíðin *Heim* fram auk viðburða utan dagskrár (off venue).

A! is a four-day international performance festival held every year, now for the fifth time. The festival is a collaboration between Akureyri Art Museum, Akureyri Culture Society, Akureyri Theater, LÓKAL International Theater Festival, Reykjavík Dance Festival and Icelandic Art Centre.

A variety of performances and theatre-based projects of all kinds are on the agenda. Participants are young up-and-coming artists as well as experienced and well-known performance artists and theatre professionals. Among those who have participated in A! are Magnús Pálsson, Paola Daniele, Rúrí, Theatre Replacement, Ka Yee Li, Anna Richardsdóttir and Kviss búmm bang. Close to 2000 guests have attended the festival each time, enjoying lively performances.

The video art festival *Heim* (Home) is held in Akureyri at the same time and also a number of off-venue events.





2019

DESEMBER DECEMBER

OPNANIR OPENINGS





# MARZENA SKUBATZ

## HEIMAt

**7. desember 2019 – 23. febrúar 2020** December 7$^{th}$ 2019 – February 23$^{rd}$ 2020

„Ísland leitar að verkafólki til starfa í sveitum landsins." Svo hljóðaði auglýsing frá íslenska konsúlatinu í Þýskalandi 1949. Um það bil 900 umsækjendur svöruðu auglýsingunni og þann 5. júní 1949 sigldu um 280 konur og 79 karlar með Esjunni áleiðis til Íslands.

Margar þýskar konur dvöldu lengur en til stóð og hófu jafnvel nýtt líf á Íslandi. Marzena Skubatz fór á slóðir þeirra kvenna úr þessum hópi sem enn eru á lífi og tók ljósmyndir fyrir verkefnið *HEIMAt*. Útkoman er ljóðrænt verk þar sem minningar og rætur á nýjum stað eru kjarninn.

Marzena fjallar á táknrænan og marglaga hátt um landið, konurnar og sögu þeirra. *HEIMAt* er ferðalag í ljósmyndum sem fer með okkur frá fortíð til samtíðar. Fjölmargir þættir tilverunnar koma við sögu í verkinu, s.s. ást, áföll, fortíðarþrá og gleymska. Einnig er hið ósagða dregið fram – þó án þess að farið sé of náið út í smáatriði.

Þýski listamaðurinn Marzena Skubatz fæddist í Póllandi 1978. Hún lauk diplómanámi í ljósmyndun frá University of Applied Sciences og hafa verk hennar verið sýnd víðs vegar um heiminn. Meginviðfangsefni hennar í listinni er fylgnin milli sjálfsvitundar mannsins og staða.

"Iceland seeks workers to work in rural areas of the country." This is a quote from an advertisement from the Icelandic vice consulate, directed at women in Germany in 1949. Around 900 people responded to the advertisement and on June 5th 1949, around 280 women and 79 men travelled to Iceland on board the ship Esja.

Many of these women stayed on in Iceland and started a new life. For her project *HEIMAt*, Skubatz has tracked down and photographed some of the women that are still alive. The result is a poetic piece that touches on memories and on the experience of rooting in a new place.

On several levels and in a symbolic way, Skubatz addresses issues such as the land, the women and their histories. *HEIMAt* is a photographic journey, which takes us from the past to the present, touching on themes such as love, trauma, nostalgia and forgetfulness. It also brings out the unspoken, without getting too obvious.

The German artist Marzena Skubatz was born in Poland in 1978. She received a Diploma in Photography from the University of Applied Sciences, and her work has been exhibited and published around the world. The main subject of her work is the correlation between human identity and places.





# ELÍN PJET. BJARNASON

## Handanbirta / Andansbirta
Light Beyond / Light of Spirit

**7. desember 2019 – 19. apríl 2020** December 7th 2019 – April 19th 2020

Elín Pjet. Bjarnason (1924–2009) fæddist á Íslandi, ólst upp á Akureyri en bjó í Kaupmannahöfn frá 21 árs aldri til dauðadags. Hún nam myndlist við Listaháskólann í Kaupmannahöfn; fyrst málaralist hjá Vilhelm Lundstrøm, 1945–1950, síðan veggmyndagerð hjá Elof Risebye, 1958–1959, og að lokum grafík hjá Holger J. Jensen 1962. Elín tók reglulega þátt í samsýningum í Kaupmannahöfn, en sýndi aðeins einu sinni í Reykjavík; það var ásamt Vigdísi Kristjánsdóttur vefara árið 1968. Fyrsta einkasýningin á verkum hennar var haldin í Listasafni ASÍ 2011.

Listasafn ASÍ geymir um 550 verk Elínar; málverk, teikningar, grafík og freskur. Sýningin í Listasafninu á Akureyri er samstarfsverkefni safnanna tveggja og þar verða sýnd nokkur valin verk úr safninu sem systursynir listakonunnar, Pjetur Hafstein Lárusson og Svavar Hrafn Svavarsson, færðu Listasafni ASÍ að gjöf eftir fráfall hennar 2009.

Sýningarstjóri:
Aðalsteinn Ingólfsson.



Elín Pjet. Bjarnason (1924–2009) was born in Iceland and raised in Akureyri, but lived in Copenhagen from the age of 21 onwards. She studied fine art at the Royal Academy of Art in Copenhagen; first painting with Vilhelm Lundstrøm 1945–1950, then murals with Elof Risebye 1958–1959 and finally graphic arts with Holger J. Jensen in 1962. She participated regularly in group exhibitions in Copenhagen but only exhibited her work once in Reykjavík; along with weaver Vigdís Kristjánsdóttir in 1968. The first solo exhibition of her works was held in ASÍ Art Museum in 2011.

ASÍ Art Museum owns a collection of about 550 works by Bjarnason; paintings, drawings, graphics and frescos, donated by Bjarnason's nephews, Pjetur Hafstein Lárusson and Svavar Hrafn Svavarsson, after her death in 2009. The exhibition at Akureyri Art Museum is a co-operative venture between the two museums, where selected works from the ASÍ collection will be exhibited.

Curator:
Aðalsteinn Ingólfsson.

## VINIR LISTASAFNSINS

**Vinafélag Listasafnsins á Akureyri** er félag áhugafólks um myndlist og er tilgangur þess að efla starfsemi safnsins.

Skráning og allar upplýsingar má finna á

**listak.is**



2019

YFIRSTANDANDI

ONGOING

**VALIN VERK ÚR SAFNEIGN LISTASAFNS ASÍ**
SELECTED WORKS FROM ASÍ ART COLLECTION

**ANGE LECCIA**
**Hafið** The Sea La Mer

**FRÁ KAUPFÉLAGSGILI TIL LISTAGILS**
FROM CO-OP STREET TO ART STREET

**AÐALHEIÐUR S. EYSTEINSDÓTTIR**
**Hugleiðing um orku** Reflecting on Energy

**MAGNÚS HELGASON**
**HJÖRDÍS FRÍMANN**
**Hugmyndir** Ideas

**VALIN VERK ÚR SAFNEIGN LISTASAFNSINS Á AKUREYRI**
SELECTED WORKS FROM AKUREYRI ART MUSEUM'S COLLECTION

**Salur 09** Gallery 09

# VALIN VERK ÚR SAFNEIGN LISTASAFNS ASÍ

## SELECTED WORKS FROM ASÍ ART COLLECTION

### Svipir Expressions

**– 17. febrúar 2019** – February 17th 2019

Í safneign Listasafns ASÍ er að finna margvíslega gullmola úr íslenskri listasögu. Ragnar Jónsson í Smára lagði grundvöllinn að safninu með því að gefa ASÍ málverkasafn sitt, um 120 myndir, sem flestar eru eftir þekktustu myndlistarmenn þjóðarinnar. Listaverkaeign safnsins hefur síðan vaxið jafnt og þétt frá stofnun þess árið 1961.

Á sýningunni *Svipir* gefur að líta portrettmyndir eftir listamenn sem hafa sett mark sitt á íslenska listasögu. Meðal verka á sýningunni eru myndir eftir Gunnlaug Scheving, Jón Stefánsson, Júlíönu Sveinsdóttur, Jón Engilberts, Kristján Davíðsson, Sigurð Sigurðsson, Snorra Arinbjarnar, Nínu Tryggvadóttur, Þorvald Skúlason og Jóhannes Kjarval. Málverkin eru frá tímabilinu 1920-1957 og veita góða innsýn í portrettmyndir þess tíma í listasögunni.

Sýningarstjórar:
Elísabet Gunnarsdóttir og
Hlynur Hallsson.

The Confederation of Labour Art Collection consists of many gems from Icelandic art history. The collection was started with a gift from the businessman Ragnar Jónsson of Smári, a well known art supporter/collector, who donated 120 artworks to the Confederation of Labour. Since its beginning in 1961 the collection has steadily grown larger.

In this exhibition, *Expressions*, one can see portraits by artists that made their clear mark on Icelandic art history such as Gunnlaugur Scheving, Jón Stefánsson, Júlíana Sveinsdóttir, Jón Engilberts, Kristján Davíðsson, Sigurður Sigurðsson, Snorri Arinbjarnar, Nína Tryggvadóttir, Þorvaldur Skúlason and Jóhannes Kjarval. The paintings are from 1920-1957 and provide a good insight into portraits from this period.

Curators:
Elísabet Gunnarsdóttir and
Hlynur Hallsson.





**Salir 10 11 Ketilhús** Galleries 10 11 Ketilhús



# ANGE LECCIA

## **Hafið** The Sea La Mer

**– 17. febrúar 2019** – February 17th 2019

Franski myndlistarmaðurinn Ange Leccia fæddist árið 1952 á Korsíku í Miðjarðarhafi og er náttúra þessarar sérstæðu eyju honum sífelld uppspretta sköpunar. *Hafið* er hans þekktasta verk, en hann umbreytir því sífellt og aðlagar sýningaraðstæðum hverju sinni. Verkið vísar í austræna heimspeki þar sem tilvist mannsins er líkt við logandi bál sem fuðrar upp á örskotsstundu.

Leccia hóf snemma að vinna með kvikmyndatæknina sem listform og tileinka sér aðferðir sem fela í sér endurtekningu, þvert á mæri listgreina. Eins og margir samtímalistamenn notar hann myndir og tónlist sem hráefni og moðar úr þekktum augnablikum vestrænnar dægurmenningar og kvikmyndasögu.

Ange Leccia er stofnandi og forstöðumaður rannsóknamiðstöðvarinnar Pavillon Neuflize OBC í Palais de Tokyo, París. Verk hans hafa verið sýnd í helstu listastofnunum heims og má þar nefna Dokumenta í Kassel, Guggenheim í New York, Skulptur Projekte í Münster, Feneyja-tvíæringinn og George Pompidou-menningarmiðstöðina í París.

Sýningarstjóri:
Æsa Sigurjónsdóttir.

The French artist Ange Leccia was born in Corsica in 1952. The nature of this unique island in the Mediterranean is a constant source of inspiration to him. *La Mer* is his best-known work, which he transforms time after time, adjusting it to each new situation. The work refers to eastern philosophy where human existence is compared to a fire that burns for a brief moment.

Early on Leccia began working with video technique as an art form and adopting serial methods – crossing borders between art forms. Like many contemporary artists, he uses pictures and music as his raw materials, selecting famous moments from western popular culture and cinema.



Leccia is the founder and director of the research center Pavillon Neuflize OBC in Palais de Tokyo, Paris. His work has been exhibited in many major art institutions around the world such as Dokumenta in Kassel, Guggenheim in New York, Skulptur Projekte in Münster, at the Venice Biennial and George Pompidou cultural center in Paris.

Curator:
Æsa Sigurjónsdóttir.

**Salur 12** Gallery 12

# FRÁ KAUPFÉLAGSGILI TIL LISTAGILS

## FROM CO-OP STREET TO ART STREET

**– 18. apríl 2021** – April 18th 2021

Listasafnið á Akureyri stendur við Kaupvangsstræti eða Grófargil sem í daglegu tali er kallað Listagilið eða einfaldlega Gilið. Gatan á sér mikilvægan og glæsilegan sess í atvinnusögu Akureyrar. Um 1930 hóf samvinnufélagið KEA (Kaupfélag Eyfirðinga, Akureyri) öfluga uppbyggingu iðnfyrirtækja í götunni. Mikil framsækni og gróska einkenndi áratugina sem í hönd fóru og starfsemin varð sannarlega blómleg. Ýmsar breytingar og þróun í verksmiðjurekstri kröfðust aðlögunar og smám saman færði KEA starfsemi sína úr húsunum. Akureyrarbær keypti húsin í byrjun tíunda áratugarins og opnaði „verksmiðjudyrnar“ fyrir listum og menningu.

Þessi sýning er um sögu húsanna í Gilinu og starfsemina í þeim, áður en þau hýstu Listasafnið, Deigluna, Myndlistaskólann, vinnustofur, sýningasali, veitingastaði og íbúðir. Þannig vill Listasafnið á Akureyri votta fortíðinni, sem það byggir á, virðingu og tengja gesti safnsins við söguna.
Sýningin er unnin í samstarfi við Minjasafnið á Akureyri.

Sýningarstjórar:
Haraldur Ingi Haraldsson og Hlynur Hallsson.

Akureyri Art Museum is located in Kaupvangsstræti, which is usually referred to as Listagil (Art Street). The street played a major part in the industrial history of Akureyri. Around 1930 the Eyjafjörður Co-operative Society, KEA, started a powerful development, by running various types of industrial production in the buildings along the street. The decades that followed were progressive and the industrial operations truly flourished. Some changes and new developments, however, demanded adjustments and KEA had already moved their factories elsewhere, when Akureyri municipality bought the buildings in the nineties, and opened up the “factory doors” to art and culture.

This exhibition is focused on the buildings in Listagil, and the operations that took place there in the past – before they became an art-center, art school, galleries and residencies. This way, Akureyri Art Museum wants to pay its respects to the past, and offer its guests a connection with history.
The exhibition is designed in cooperation with Akureyri Museum.

Curators:
Haraldur Ingi Haraldsson and Hlynur Hallsson.







# AÐALHEIÐUR S. EYSTEINSDÓTTIR

## **Hugleiðing um orku** Reflecting on Energy

**– 18. ágúst 2019** – August 18th 2019

Verk Aðalheiðar S. Eysteinsdóttur (f. 1963) á þessari sýningu, *Hugleiðing um orku*, fjallar um næringu, náttúru, notagildi, sjálfbærni og samlyndi. Það var hluti af stærri sýningu á verkum hennar sem var ein af opnunarsýningum Listasafnsins þegar opnað var eftir umfangsmiklar endurbætur og stækkun síðastliðið sumar og stóð til 21. október 2018.

Næring líkama og sálar, og tilvist í sátt við náttúruna og samfélagið, eru manneskjunni lífsnauðsynlegir þættir. Ekki aðeins til að lifa af heldur einnig til að gefa lífinu tilgang: að upplifa, elska, nærast, gagnrýna og meðtaka.

Aðalheiður útskrifaðist frá Myndlistaskólanum á Akureyri 1993 og hefur síðan haldið yfir 150 einkasýningar í 14 löndum og tekið þátt í fjölda samsýninga. Árið 2000 var hún útnefnd bæjarlistamaður Akureyrar, sama ár og hún hóf þátttöku í Dieter Roth-akademíunni. Aðalheiður hlaut menningarverðlaun DV 2015 og tilnefningu til Eyrarrósarinnar 2017.

Sýningarstjóri:
Hlynur Hallsson.

The topics in Aðalheiður S. Eysteinsdóttir's (born 1963) exhibition, *Reflecting on Energy*, are nourishment, nature, practicality, sustainability and fellowship. It is a part of a larger exhibition which lasted until October 21st 2018 and was one of the opening exhibitions last summer when the Museum was reopened after extensive renovations.

Nourishing body and soul, and harmonious living are vital to the human being for survival and to give life a purpose: to experience things, love, nurture, criticize and appreciate.



Aðalheiður graduated from Akureyri School of Visual Arts in 1993. She has held over 150 solo exhibitions in 14 countries and participated in numerous group exhibitions. In 2000 she was appointed the Artist of Akureyri municipality and joined the Dieter Roth Academy the same year. In 2015 Aðalheiður was the recipient of the DV Culture Prize and was nominated for the Eyrarrósin Prize in 2017.

Curator:
Hlynur Hallsson.





# MAGNÚS HELGASON HJÖRDÍS FRÍMANN

## **Hugmyndir** Ideas

**– 18. ágúst 2019** – August 18th 2019

Við endurbyggingu Listasafnsins á Akureyri varð til ný og gjörbreytt aðstaða fyrir kennslu í afmörkuðu rými. Þar með myndast tækifæri til nýrrar nálgunar í listfræðslu, sem byggir á verkefnavinnu og vinnu í listsmiðjum. Þetta nýja rými verður einnig notað fyrir sýningar ólíkra listamanna og þau Hjördís Frímann (f. 1954) og Magnús Helgason (f. 1977) riðu á vaðið.

Hjördís er þekkt fyrir hreina liti og líflegar litasamsetningar auk þess að nota spiladósir í verkum sínum. Magnús vinnur gjarnan með fundna hluti og texti er oftar en ekki þýðingarmikill í verkum hans. Leikur og gleði með fjölbreyttum tilvísunum einkenna verk þeirra beggja. Saman skapa þau spennandi sýningu sem getur auðgað og eflt ímyndunarafl barna á öllum aldri.

Sýningarstjórar:
Guðrún Pálína Guðmundsdóttir og
Hlynur Hallsson.

In the renovated version of Akureyri Art Museum, a new and unique facility dedicated to museum education, became available. This created an opportunity for a new approach in the art-education program, based on projects and workshops. This new space will also be used to exhibit work by various artists. The first ones to exhibit were Hjördís Frímann (born 1954) and Magnús Helgason (born 1977).

Hjördís is known for her use of pure colors and vibrant color combinations, as well as using music boxes in her work. Magnús often works with found objects and text frequently plays an important role in his work. Joy and playfulness mixed with diverse references characterize the work of both artists. Together they create an exciting exhibition that can enrich and empower the imagination of children of all ages.

Curators:
Guðrún Pálína Guðmundsdóttir and
Hlynur Hallsson.





Salur 08 Gallery 08

# VALIN VERK ÚR SAFNEIGN LISTASAFNSINS Á AKUREYRI

## SELECTED WORKS FROM AKUREYRI ART MUSEUM'S COLLECTION

**Úrval** Permanent Exhibition

**– 11. október 2020** – October 11th 2020

Snemma á fjórða áratug 20. aldar hóf Akureyrarbær formlega að kaupa listaverk og voru fyrstu kaupin málverk eftir Freymóð Jóhannsson. Í dag á bærinn um 700 listaverk af fjölbreyttu tagi.

Eftir að Listasafnið á Akureyri var stofnað 1993 og því falin umsjón með verkunum, var sú stefna valin að hafa sem flest verk uppi á veggjum stofnana bæjarins. Þannig er safneignin sýnileg starfsmönnum og íbúum bæjarins.

Á þessari sýningu er athyglinni beint að safneign Listasafnsins. Til sýnis eru nokkur úrvalsverk eftir íslenska listamenn, sem flestir eiga rætur sínar að rekja til Akureyrar eða Eyjafjarðar. Við val á verkunum var fjölbreytni höfð að leiðarljósi sem og kynjajöfnun en safneignin samanstendur að meirihluta til af verkum eftir karlmenn. Það er þó áhugaverð staðreynd að verkum eftir konur fjölgar þegar nær okkur dregur í tíma.

Sýningarstjórar:
Guðrún Pálína Guðmundsdóttir og
Hlynur Hallsson.

Akureyri municipality formally began purchasing artworks around 1930, when a painting by Freymóður Jóhannsson was bought. Today the municipality owns around 700 diverse visual art works.

After the founding of Akureyri Art Museum in 1993, preservation of the collection became one of its roles. The Museum adopted a policy of exhibiting the biggest part of the collection on the walls of the municipality's institutions – which today is still the case. This makes the collection visible to the staff and residents of Akureyri municipality.

In this exhibition, the focus is on the Akureyri Art Museum's permanent collection. Great works by Icelandic artists, mostly from Akureyri or Eyjafjörður, will be exhibited. The criteria for selecting works from the collection was diversity and gender equality, even though the collection mainly consists of works by male artists. It is however an interesting fact that through the years, the number of works by female artist has steadily increased.

Curators:
Guðrún Pálína Guðmundsdóttir and
Hlynur Hallsson.






Við erum
í Listagilinu



gilkaffihus
gilkaffihus

gil [kaffihús]

**GIL** KAFFIHÚS
Kaupvangsstræti I Listasafnið á Akureyri

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM

# FÁÐU ÞÉR ÁRSKORT!

Með árskorti að Listasafninu á Akureyri færðu aðgang að öllum sýningum árið um kring fyrir aðeins 2.500 kr. frá og með kaupdegi.

**#égákort**









Air Iceland Connect verður á rúntinum milli Akureyrar og Keflavíkur fjórum sinnum í viku. Flogið er alla mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga á tímabilinu október - maí.

Náðu fljúgandi starti í rómantíska borgarferð með stuttri viðkomu í Keflavík. Eða skelltu þér með vinahópnum á völlinn. Hvað um að halda árshátíð í evrópskri heimsborg? Upplagt fyrir vinnufélaga sem vilja halda hópinn alla leið út í heim og aftur heim.

Bókaðu núna á **airicelandconnect.is**

Air Iceland Connect

Listasafnið á Akureyri er í eigu Akureyrarbæjar og starfar í þágu almennings. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert.

Akureyri Art Museum is run by Akureyri municipality for the interest of the public. Operational costs are covered by the municipal treasury in accordance with the yearly budget.

Akureyrarbær

SAFNARÁÐ

NORÐURORKA

ÁSPRENT

Air Iceland Connect

AKUREYRI Icelandair Hotels

gil [kaffihús]

[ RUB23 ] RESTAURANT FISH - MEAT - SUSHI

GEIMSTOFAN

STEFNA HUGBÚNAÐARHÚS

**Ársbæklingur Listasafnsins á Akureyri skartar fjórum mismunandi forsíðum.**
Akureyri Art Museum's Program-booklet has four different covers.




**Internal Nature Heart**
**2017**
Margrét Jónsdóttir




**Underwater**
**2017**
Hrafnhildur Arnardóttir




**Green School**
**2017**
Ieva Epnere




**Fill with Own Imagination (Snow)**
**2016**
Elina Brotherus







Ljúfmeti daglega og lostæti um helgar

**Girnilegur matseðill í boði alla daga í hádeginu og á kvöldin á Aurora Restaurant.**
**Sunnudagsbrunch** frá kl. 11.30 til 14.00. **Happy hour** alla daga frá kl. 16.00 til 18.00.
Okkar rómaða **High Tea** í boði alla daga frá kl. 14.00 til 17.00.

Bókanir og upplýsingar í síma 518 1000 og á aurorarestaurant.is

aurora
CAFE • BAR • GRILL

## **Starfsfólk** Employees

**Hlynur Hallsson**
Safnstjóri
Director

**Guðrún Pálína Guðmundsdóttir**
Fræðslufulltrúi
Museum education

**Haraldur Ingi Haraldsson**
Verkefnastjóri
Project manager

**Heiða Björk Vilhjálmsdóttir**
Fræðslufulltrúi
Museum education

**Hlynur F. Þormóðsson**
Kynningarstjóri
PR & web

**Ingvar Haraldsson**
Húsvörður
Janitor

**Sigríður Trampe**
Móttaka / skrifstofa
Reception / office

**Þorbjörg Ásgeirsdóttir**
Safnfulltrúi
Museum coordinator

**Þórunn Soffía Þórðardóttir**
Móttaka
Reception

**Þorri Birgisson**
Móttaka
Reception

---

**Listasafnsráð**
Advisory Board of Akureyri Art Museum

**Hilda Jana Gísladóttir**
**Rósa Kristín Júlíusdóttir**
**Aðalsteinn Þórsson**
**Haraldur Ingi Haraldsson**
Áheyrnarfulltrúi starfsmanna Listasafnsins
observer, member of staff

**Stjórn Akureyrarstofu myndar stjórn Listasafnsins á Akureyri**
Board of Akureyri Cultural and Marketing Office

Hilda Jana Gísladóttir
Formaður Chairman
Sigfús Arnar Karlsson
Varaformaður Vice chairman
Anna Hildur Guðmundsdóttir
Eva Hrund Einarsdóttir
Finnur Sigurðsson

---

Útgefandi Publisher
**Listasafnið á Akureyri** Akureyri Art Museum

Hönnun Design
**Cave Canem hönnunarstofa**

Prentun Print
**Ásprent**

ISBN 978-9935-9329-7-6

**Ljósmyndir** Photographs
Daníel Starrason, Almar Alfreðsson,
Listasafn ASÍ ASÍ art collection,
listamenn artists

**Verk á bls. 19** P. 19, works by
**Krišs Salmanis**
Why I'm Not a Vegetarian. 2007. Video, animation loop.
Courtesy of the artist.
**Ieva Epnere**, Green School, 2017. HD video, installation.
Courtesy of the artist.



ÍSL ENG



**opið**

**maí–september**
kl. 10-17
alla daga

**október–apríl**
kl. 12-17
alla daga

**open**

**may–september**
10 am–5 pm
every day

**october–april**
12 noon–5 pm
every day

**aðgangseyrir** admission **1500 ISK**